

**Nd.**

**676. Breytingartillögur**

við frv. til stjórnarskipunarlags um breyting á stjórnarskrá konungsríkisins Íslands, 18. maí 1920.

Flm.: Halldór Stefánsson og Sveinn Ólafsson.

I. Á eftir 5. gr. komi 4 nýjar greinar, svo hljóðandi:

a. (6. gr.). Við 33. gr. stjórnarskrárinnar. Aftan við greinina bætist ný málsg., svo hljóðandi:

Breyta má þessu með lögum.

- b. (7. gr.). Við 38. gr. stjórnarskrárinnar. Síðari málgr. greinarinnar orðist svo:

Frumvarp til fjárlaga og fjáráukalaga skal leggja fyrir sameinað þing og afgreiða þar við 3 umræður.

- c. (8. gr.). Við 4. gr. stjórnarskrárinnar. Greinin orðist svo:

Ekkert lagafrumv., að fjárlögum og fjáráukalögum undanskildum, má samþykkja fyrr en það hefir verið rætt þrisvar sinnum í hvorri þingdeild.

- d. (9. gr.). Við 41. gr. stjórnarskrárinnar. Þriðja málgr. greinarinnar orðist svo:

Þegar Alþingi skipar eina málstofu, þarf meira en helmingur þingmanna úr hvorri þingdeild að vera á fundi og eiga þátt í atkvæðagreiðslu til þess, að fullnaðarsamþykkt verði lögð á mál. Atkvæðafjöldi ræður úrslitum um einstök mál og málsatriði. Þó þarf  $\frac{3}{5}$  hluta greiddra atkvæða til samþykkis þeirra einstakra fjárveitinga, sem hljóða um persónulegar styrkveitingar. Eigi ná þó lagafrumvörp, önnur en frumv. til fjárlaga og fjáráukalaga, fullnaðarsamþykki nema tveir þriðjungar atkvæða þeirra, sem greidd eru, séu með þeim.

II. 6. gr. frumvarpsins verði 10. grein.